

Reykjavík 23. febrúar 2006

Menntamálanefnd
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Sambands ungra sjálfstæðismanna við frumvarp til æskulýðslaga

Samband ungra sjálfstæðismanna þakkar fyrir það tækifæri að koma að umsögn sinni um frumvarp til æskulýðslaga. Samband ungra sjálfstæðismanna er ein fjölmennasta ungmennahreyfingin í landinu með u.þ.b. 10.000 einstaklinga, á aldrinum 15-35 ára, innan sinna vébanda. Gerðar eru nokkrar athugasemdir við frumvarpið. Fyrst er að finna almennar athugasemdir við frumvarpið í heild. Í annan stað er að finna athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins.

Almennar athugasemdir við frumvarp til æskulýðslaga

Það er álit Sambands ungra sjálfstæðismanna að lög um æskulýðsstarf frjálsra félagasamtaka eiga engan veginn rétt sér. Frjáls félagasamtök starfa eftir sínum eigin markmiðum og skipulagi eins og 1. mgr. 74. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 33/1944, kveður á um. 74. gr. stjórnskipunarlaga gerir einmitt ráð fyrir því að löglegur félagsskapur manna skuli starfa án íhlutunar löggjafans. Með löglegum félagsskap er átt við að félögin starfi í löglegum tilgangi en ekki að löggjafnum sé frjálst að kveða á nánar á um starfsemi þeirra. Grípi löggjafinn fram fyrir hendurnar á frjálsum félagasamtökum er um að ræða ólögsmæta skerðingu á félagafrelsi sem brýtur í bága við stjórnarskrána nema skerðingin sé vegna brýnna almannahagsmuna. Tekið skal fram að löggjafanum er að sjálfsögðu heimilt að setja lög sem kveða almennt á um innan hvaða ramma félög geta starfað en löggjafinn getur ekki hlutast til um markmið og skipulag einstakra félaga.

Frumvarp til æskulýðslaga gerir því miður ráð fyrir því að lögbundinn verði ákveðinn tilgangur og markmið frjálsra félagasamtaka er starfa á sviði æskulýðsmála. Gert er ráð fyrir í 2. gr. frumvarpsins að lögin skuli gilda um starfsemi félaga og félagasamtaka sem sinna æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli. Eins er gert ráð fyrir því að slík félög vinni að ákveðnum málum m.a. í samvinnu við ráðherra menntamála. Samband ungra sjálfstæðismanna telur að frjáls félagasamtök eigi að vera óháð ríkisvaldinuog vinna að sínum málum án afskipta þess. Það er ekki hlutverk stjórnvalda að leitast eftir lögbundnu samstarfi við frjáls félagasamtök. Kjósi einstakt félag að óska eftir samstarfi við stjórnvöld er því það að sjálfsögðu heimilt en gerir það þá ekki í nafni annarra félaga á því sviði.

Tekið skal fram að ekki eru gerðar athugasemdir við að frumvarpið taki til æskulýðsstarfs á vegum ríkis og sveitafélaga enda meginregla í stjórnsýslurétti að lögmætisreglan skuli gilda í

hvívætna innan stjórnsýslunnar. Það breytir því ekki að Samband ungra sjálfstæðismanna er á þeirri skoðun að stjórnvöld eigi ekki að sinna æskulýðsstarfi og leggja til þess fjármuni skattgreiðenda. Frjáls félagasamtök eru miklu betur til þess fallin enda er starf frjálsra æskulýðssamtaka, félaga og hreyfinga með miklum blóma, eins og tekið er fram í lögskýringargögnum með frumvarpinu. Þúsundir einstaklinga vinna mikið og óeigingjarnt sjálfboðastarf og þekking og reynsla þeirra er mikil. Þess fyrir utan eru frjáls framlög fyrirtækja og einstaklinga um eða yfir 90% af árlegri veltu samtaka æskulýðsfélaga.

Samband ungra sjálfstæðismanna er því á þeirri skoðun ekki skuli afgreiða frumvarp til æskulýðslaga sem lög frá Alþingi. Lög nr. 24/1970 skulu jafnframt felld úr gildi. Hljóti frumvarp þetta hins vegar afgreiðslu Alþingis er ljóst að gera verður töluverðar breytingar á frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Um 1. gr.

Gerð er athugasemd við 3. mgr. 1. gr. sem kveður á um að lögin, verði frumvarpið samþykkt, taki til ungmenna á aldrinum 6-25 ára. Slíkt efri aldursmörk eru óskiljanleg. Skv. 1. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 verða menn lögráða við 18 ára aldur, bæði sjálfráða og fjárráða. Það að lög um æskulýðsstarf og aðrar tómtundir á vegum stjórnvalda eigi að gilda um fulltíða einstaklinga er meiriháttar vitleysa. Það að skilgreina ungmenni í frumvarpi þessu og miða við 25 ára aldur er ekki samrýmanlegt öðrum lögum, s.s. 18. gr. áfengislaga nr. 75/1998, sé það t.d. borið svo saman við 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að efri mörkum verði breytt og skuli miða við 6-18 ára aldurs til samræmis við lögræðislög.

Um 2. gr.

Komið hefur fram að Samband ungra sjálfstæðismanna telur að frumvarpið eigi ekki að gilda um frjáls félagasamtök.

Lagt er því til að 1. tl. 1. mgr. 2. gr. falli á brott.

Bent er á að 3. tl. greinarinnar er mjög óskýr og mun valda lögskýringarvandkvæðum. Ávallt er heppilegt að lög séu skýr, einföld og gegnsæ.

Um 3. gr.

Ríkið og önnur stjórnvöld eiga ekki að sinna æskulýðsmálum. Ekki á heldur að lögbinda ákvæði sem kveður á um að frjálsum félagasamtökum beri lagaskylda til að vinna með stjórnvöldum.

Lagt er því til að 3 gr. falli á brott í heild sinni.

Um 5.gr. og 12. gr.

Því er mótmælt harðlega að setja skuli í reglugerð hvernig frjáls æskulýðssamtök eigi að tilnefna fullrúa þar sem því er mótmælt að setja eigi þá lagaskyldu á frjáls félagasamtök að þau þurfi að tilnefna aðila í stjórnsýslunefnd.

Lagt er til að ráðherra skipi alla aðila í nefndirnar eða Alþingi kjósi í stjórnsýslunefndirnar með hlutfallskosningu.

Um 7. gr., 8.gr. og 9. gr.

Því er mótmælt harðlega að setja skuli á fót sérstakan sjóð skv. lögum. Einkaaðilum er betur treystandi til að styrkja æskulýðsstarf þessa lands með miklum myndarbrag en stjórnvöldum. Jafnframt er mjög ósanngjarnt að einstaklingur, með sköttum sínum, sé neyddur til þess að greiða fyrir íþróttir, tómstundastarf og áhugmál annarra manna barna. Ekkert er ókeypis og kemur þá tvennt til greina. Annars vegar að forráðamenn barna og ungmenna og þeir sem það kjósa, greiði fyrir æskulýðsstarf. Hins vegar að allir þeir sem ekki stunda slíkt og hafa ekki áhuga, greiði fyrir það. Fyrir kosturinn er eðlilegri og sanngjarnari.

Lagt er til að 7.gr., 8. gr. og 9. gr. falli á brott í heild sinni.

Um 10. gr.

Lög eiga að vera þannig úr garði gerð að í þeim sé ávallt gætt að meðalhófi. Hæfisskilyrði sem útiloka aðila sem fengið hafa dóm fyrir brot á ávana - og fíkniefnalöggjöfnum eru mjög íþyngjandi og ekki byggð á málefnalegum sjónarmiðum. Með ákvæði 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins er verið að útiloka t.d. einstaklinga sem hafa fengið dóm og tekið út sína refsingu gagnvart samfélaginu. Það kann mjög vel að vera að þessir einstaklingar hafi bætt ráð sitt til muna og séu ákaflega hæfir til þess að starfa og hafa umsjón með börnum og ungmönnum. Þess fyrir utan þá búa slíkir einstaklingar oft yfir gríðarlegri reynslu sem vel er að miðlað sé til barna og ungmenna í forvarnarskyni. Mörg dæmi eru um slíkt.

Sambærileg rök gilda ekki alveg um þá sem gerast hafa brotlegir við XXII kafla hegningarlaga. Engu að síður skal það haft í huga að sérhvert opinbert mál er sérstakt og aðstæður sakamanna mjög mismunandi. Almennt er því heppilegt að ákvæði um hæfisskilyrði geri ráð fyrir málefnalegu og sjálfstæðu mati ráðningaraðila þegar almennum hæfisreglum sleppir.

Bent er á að ekki er að finna í frumvarpinu ákvæði sem kveða á um viðurlög við brot á greinum frumvarpsins. Hver eru t.d. viðurlögin ef samtök eða stofnanir brjóta gegn 10. gr. frumvarpsins? Eða er það ætlun löggjafans að hafa engin viðurlagaákvæði við brot á þessari grein? Refsiákvæði skulu vera skýr og ekki er hægt að lögjafna við verknaðarlýsingu annarra laga nema um sé að ræða fullkomna löggjöfnum. Þessa ábendingu skal þó ekki skilja sem svo að verið sé að hvetja til refsingar fyrir að framfylgja ekki lögnum, verði frumvarpið samþykkt.

Lagt er til að hæfisskilyrðið sem útilokar þá sem hafa hlotið dóm fyrir brot á fíkniefnalöggjöfnum falli á brott. Nánar tiltekið síðustu setningaliður 2. mgr. 10. gr.: „...eða vegna brota á ...fíkniefna“.

Fyrir hönd Sambans ungra sjálfstæðismanna,

Teitur Björn Einarsson, ritari